

#### **4. Stjórnarfundur í FUM var haldinn þriðjudaginn 9. maí, kl.15.30-17 í Odda, fundarherbergi á 1. hæð.**

Mætt voru: Hafþór Guðjónsson, Amalía Björnsdóttir, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Guðný Guðbjörnsdóttir. Kristjana Stella Blöndal er veik og Ragnar F. Ólafsson mætti ekki. Formaður ritaði fundargerð í forföllum ritara.

Dagskrá:

1. Umræða um útkomið hefti Tímaritsins, fagleg gagnrýni, veganesti til ritstjórnar. Umræðu um þennan dagskrárlið var frestað.

2. Fréttatilkynning vegna Tímarits um menntarannsóknir. Formaður lagði fram drög sem voru rædd. Ákveðið að breyta þeim þannig að bæði væri kynntur nýr ritstjóri og frestur til að senda inn greinar í nýtt hefti og að auglýsa heftið, sem þegar er komið út. Tilkynningin verði send fjölmiðlum við fyrsta tækifæri.

3. Ráðstefna FUM, tími og staður, hugsanlegt tema og ráðstefnustjórn. Ákveðið var að hafa ráðstefnuna 19. nóvember 2005 og kanna fyrir næsta fund hvort heppilegra sé að hafa hana í húsnæði Háskóla Íslands eða KHÍ. Hafþór kanna KHÍ og Guðný HÍ. Rætt var um mögulegt form á flutningi rannsókna, þ.e. að hafa aðalerindi, erindi og umræður um málefni efst á baugi í menntarannsóknnum, málstofur um tiltekin þemu eða efni, og málstofur sem byggjast á stökum fyrirlestrum um skyld efni sem yrðu flokkuð eftir á. Rætt var um möguleika á að hafa sumar málstofur þannig að viðbrögð væru flutt í sömu málstofu (discussants), sem krefst þess að erindum sé skilað vel fyrirfram. Umræðan er hugsuð sem stefnumarkandi veganesti til undirbúningsnefndarinnar. Umræðu frestað til næsta fundar sem og skipan undirbúningsnefndar.

Næsti fundur boðaður þriðjudaginn 17. maí kl. 15:30. Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 17.